

Nr. [...]

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit.

1. gr.

Í stað orðsins „skorsteinn“ í 3. mgr. 6. gr. í öllum beygingarmyndum kemur í rétttri beygingarmynd: reykháfur.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. orðast svo:

Eigandi íbúðar skal sjá til þess að í íbúðinni og á hverri hæð séu nægjanlega margir CE-merktir reykskynjarar til þess að tryggja fljóta og örugga brunaviðvörðun fyrir þá sem í íbúðinni dvelja.

3. gr.

Á eftir orðunum „ítarlegri gagna“ í 2. mgr. 10. gr. kemur: sem varða brunaöryggi mannvirkisins, m.a. byggingarleyfis, niðurstaðna úttekta opinberra aðila, gagna um eigið eftirlit og staðfestinga þjónustuaðila.

4. gr.

Í stað orðsins „eldvarnir“ í 1. mgr. 11. gr. kemur: eftirlit og viðhald eldvarna.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 19. gr.:

- a. Á eftir d-lið 2. mgr. kemur nýr stafliður, sem verður e-liður, svohljóðandi: atvinnuhúsnæði þar sem búseta fer fram án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breytti notkun húsnæðisins,
- b. E- liður 2. mgr. verður f-liður.
- c. Í stað orðanna „a-, b- og c-lið“ í a. lið 3. mgr. kemur: a-, b-, c- og e-lið.
- d. Í stað orðanna „d- og e-lið“ í b. lið 3. mgr. kemur: d- og f-lið.
- e. Orðin „árlegrar“ og „sem falla undir a-lið 2. mgr.“ í 4. mgr. falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 20. gr.:

- a. Á eftir orðunum „Áætlunin skal“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: vistað í brunagátt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og.
- b. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Slökkviliðsstjóri skal vista afrit af skýrslunni í brunagátt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

7. gr.

Við 21. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Slökkvilið skal gefa umsagnir um brunavarnir óski annað stjórnvald eða stofnun eftir því.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 22. gr.:

a. 3. mgr. orðast svo:

Í öllum slökkviliðum skal vera starfandi eldvarnareftirlitsmaður sem sinnir eldvarnareftirliti, eftir atvikum samhliða öðrum störfum, sbr. þó 23. gr. Ef ekki liggur fyrir áhættumat og rökstuðningur í brunavarnaráætlun viðkomandi sveitarfélags fyrir öðru skal miða við að einn eldvarnareftirlitsmaður sé að lágmarki í fullu starfi fyrir hverja 10.000 íbúa á starfssvæði slökkviliðsins. Ef íbúar eru færri skal lágmarksstarfshlutfall eldvarnareftirlitsmanns vera í réttu hlutfalli við íbúafjölda nema áhættumat brunavarnaráætlunar rökstyðji aukinn fjölda eldvarnareftirlitsmanna.

b. 6. mgr. orðast svo:

Fáist ekki aðili til starfa sem uppfyllir framangreind hæfisskilyrði er slökkviliðsstjóra heimilt að höfðu samráði við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun að ráða til starfa eldvarnareftirlitsmann sem starfar undir handleiðslu aðila sem uppfyllir umrædd hæfisskilyrði.

9. gr.

2. mgr. 26. gr. orðast svo:

Skoðun skv. 1. mgr. skal framkvæmd í samræmi við verklagsreglur og skoðunarhandbækur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Eldvarnarfulltrúi skal gera skýrslu um framkvæmd eigin eftirlits þar sem gerð er grein fyrir þeim úrbótum sem gerðar voru í kjölfar eftirlitsins. Skýrslan skal vera aðgengileg viðkomandi slökkviliði, eftir atvikum rafrænt.

10. gr.

Á eftir orðunum „34. gr.“ í 30. gr. kemur: og stjórnvaldssektum slökkviliðsstjóra samkvæmt 34. gr. a.

11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 39. gr. laga nr. 75/2000, um brunavarnir, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, x. xx 2024.